

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. febrúar 2023, auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Vesturgata 61.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Vesturgata 61, birtist í Fréttablaðinu á morgunn fimmtudaginn 9. febrúar 2023. Tillagan er í kynningu frá 9. febrúar 2023 til og með 24. mars 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vesturgata-61>

Vesturgata 61

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. janúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits, vegna lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir þ.e. Vesturgata 61 og Seljavegur 8. Á hvorri lóð er skilgreindur byggingarreitur og leyfilegt að byggja eitt íbúðarhús innan hvors reits. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **9. febrúar 2023 til og með 24. mars 2023**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 24. mars 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is